

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Nefndarsvið skrifstofu Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 17. október 2013

Efni: Umsögn BHM um frumvarp til laga um tekjuaðgerðir fjárlagafrumvarps 2014, 2. mál. Lagt fyrir Alþingi á 143. löggjafarþingi 2013.

Almennt um fjárlagafrumvarpið:

Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2014 ber þess skýr merki að erfiðir tímar eru í rekstri ríkissjóðs. Bandalag háskólamanna furðar sig því á aðgerðum ríkisstjórnarinnar í aðdraganda fjárlagagerðar sem snéru að því að afsala ríkissjóði stórum tekjumöguleikum. Stjórnvöldum er því sniðinn þrengri stakkur en ella og erfiðara um vik að létta skattbyrði á millistéttina á Íslandi.

BHM fagnar því að ríkisstjórnin hyggist viðhafa samráð við aðila vinnumarkaðarins er kemur að útfærslum um lækkun skatta á tekjur, vörur og þjónustu.

Athugasemdir um tekjuaðgerðir frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2014:

Bandalag háskólamanna telur að lækkun miðþreps tekjuskattkerfisins úr 25,8% í 25% sé skref í rétta átt. Með því sé stigið lítið en jákvætt skref í þágu millitekjuhópa sem hafa frá hruninu 2008 tekist á við minnkaðan kaupmátt og aukin útgjöld til samfélagsins.

Virðingarfyllst,



Guðlaug Kristjánsdóttir,
formaður.